

Sp. 566. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um athugun á möguleikum íslenskra veiðiskipa til fiskveiða í erlendri fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Eiður Guðnason, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Gunnar R. Pétursson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu ríkja í Norður-Ameríku og Vestur-Afríku.

Greinargerð.

Ekki þarf að rekja það nú, hvaða vandi blasir við þjóðarbúinu sökum ofvaxtar fiskiflotans á síðustu árum og ástands fiskistofna á íslenskum hafsvæðum.

Hinn afkastamikli loðnuveiðifloti hefur nú ekki önnur verkefni en veiðar á botnfiski og var þó ekki bætandi við þann flota sem fyrir var við þær veiðar. Önnur úrræði, svo sem kolmunnaveiðar, hafa ekki gefist nægilega vel.

Það er kunnugt, að nokkur ríki hafa aflað sér tímabundinna heimilda til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi erlendra ríkja gegn gjaldi. Má nefna bæði Japani, Kóreumenn og Austur-Evrópuþjóðir í því sambandi. T. d. höfðu pólsk fiskiskip heimild til þorskveiða í fiskveiðilandhelgi Bandaríkjanna fram að setningu núgildandi herlaga og seldu þau aflann a. m. k. að einhverju leyti til bandarískra fyrirtækja. Annað dæmi er þátttaka íslenskra nótaveiðiskipa í brynstyrlluveiðum á vegum eigenda norska verksmiðjuskipsins „Norglobal“, en þeir höfðu aflað sér tilskilinna leyfa til veiða innan fiskveiðilögsögu Mánítaníu.

Sovétríkin stunda talsverðar fiskveiðar í fiskveiðilögsögu Vestur-Afríkuríkja og selja aflann í einhverjum mæli til landsmanna í viðkomandi ríkjum.

Fyrir nokkrum árum voru hér á ferð fulltrúar stjórnvalda í Líberíu sem vildu efna til samvinnu við erlendar þjóðir um fiskveiðar í landhelgi Líberíu.

Fleiri dæmi mætti nefna sem gefa vísbendingu um að enn megi finna möguleika til nýtingar íslenskra veiðiskipa á fjarlægum veiðislóðum í Atlantshafi. Er tilgangur þingsályktunartillögunnar að ganga úr skugga um það.

Vissulega þyrfti að leysa ýmis vandamál í sambandi við veiðar á fjarlægum hafsvæðum, en það er skoðun flutningsmanna, að íslenskir sjómenn og útgerðarmenn geti sigrast á þeim vanda.